

**Sp.**

**629. Tillaga til þingsályktunar**

um aukning starfsfjár skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda o. fl.

Frá sjávarútvegsnefndum.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að auka starfsfé skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda með allt að 200 þús. kr. lántöku og að ganga í ábyrgð fyrir láninu. Jafnframt heimilast sjóðsstjórninni, í samráði við ríkisstjórnina, að verja þessu viðbótarstarfsfé til lánveitinga vegna skuldasöfnunar vélbátaeigenda á þessa árs vetrar- og vorvertíð (til 20. maí), í því skyni að koma í veg fyrir, að vélbátaeigendur almennt verði sviptir umráðarétti yfir útgerðartækjum sínum og þannig bægt frá að stunda fisk- og sildveiðar í sumar.